



# Laga- breytingar 2022/23

## Yfirlit yfir breytingarnar/skýringarnar

### 3. grein – Leikmennirnir

- Tímabundna ákvæðið sem heimilaði allt að fimm skiptingar í mótum meistaraflokka félaga á “efsta” stigi (þó með takmarkaðan fjölda leikstöðvanna) verður nú varanlegt í 3. grein laganna.

### 8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

- Áréttað að það sé dómarinn sem varpi hlutkesti til þess að ákveða á hvort markið skuli spilað eða hvort liðið byrji með boltann.

### 10. grein – Hvernig úrlit leikja ráðast

- Áréttað að heimilt sé að áminna eða vísa forráðamanni liðs af leikvelli (gult eða rautt spjald) á meðan á vítaspyrnukeppni stendur.

### 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

- Árétting um leikbrotið hendi varðandi markvörð innan eigin vítateigs.

### 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun

- Árétting um staðsetningu óbeinnar aukaspyrnu sem dæmd er þegar leikmaður yfirgefur leikvöllinn án heimildar dómarans og brýtur í framhaldinu á utanaðkomandi einstaklingi (einhverju óviðkomandi leiknum).

### 14. grein – Vítaspyrna

- Árétting um staðsetningu markvarðar fyrir og á meðan vítaspyrna er tekin.

# Breytingarnar í smáatriðum

Hér á eftir fara breytingarnar sem gerðar eru í 2022/23 útgáfu knattspyrnulaganna. Fyrir hverja breytingu er tilgreindur nýi/breytti/viðbótar textinn ásamt gamla orðalagi hans, þar sem það á við - auk skýringar á ástæðu breytingarinnar.

## 3. grein – Leikmennirnir: viðbótarskiptingar í mótum á efsta stigi

### 2. Fjöldi skiptinga

#### Breyttur texti

##### Opinber mót

Að hámarki fimm skiptingar eru heimilar í leikjum sem leiknir eru í opinberum mótum skv. ákvörðun FIFA, álfusambandanna eða aðildarsambandanna.

Í mótum karla og kvenna þar sem í hlut eiga meistaraflokkar félaga í efstu deild eða A-landslið, þar sem að hámarki eru leyfðar þrjár skiptingar geta mótareglur heimilað allt að fimm skiptingar þar sem hvort lið má:

- nota þrjár leikstöðvanir til skiptinganna\*
- einnig nýta leikhléið til skiptinganna.

\*Ef bæði lið gera skiptingar á sama tíma telur það sem leikstöðvun til skiptinga hjá báðum liðum. Fleiri en ein skipting (og óskir um það) hjá sama liði í sömu leikstöðvuninni telst sem ein nýtt leikstöðvun til skiptinga.

##### Framlenging

- Hafi lið ekki nýtt hámarksfjölda skiptinga og/eða hámarksfjölda leikstöðvana til skiptinga, er því heimilt að nýta ónotaðar skiptingar, eða leikstöðvanir til skiptinga, í framlengingunni.
- Ef mótareglur heimila liðum að nota viðbótarskiptingu í framlengingunni þá má hvort lið um sig nýta eina leikstöðvun til viðbótar til skiptinganna.

- Einnig má Skipta leikmönnum inn á í hléinu fyrir upphaf framlengingarinnar og í hálfleik hennar - sem telst ekki leikstöðvun til skiptinga.  
(...)

#### Skýring

Bráðabirgðaákvæði 3. greinar laganna, sem heimilaði að mótareglur í keppni meistaraflokka liða í efstu deild eða A-landsliða mættu kveða á um allt að fimm skiptingar í leik (með takmarki á fjölda leikstöðvana) verður nú hluti af lagagreininni.

## 8. grein – Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju: dómariinn varpar hlutkesti

### 1. Upphafsspyrna

#### Breyttur texti

##### Aðferð

- dómariinn varpar hlutkesti og liðið sem vinnur það hlutkestið ákveður (...)

#### Skýring

Það er hlutverk dómarans að varpa hlutkesti til þess að ákveða á hvort markið skuli leikið eða hvort liðið byrji með boltann. Orðalag 8. greinar er hér jafnframt samræmt orðalaginu í 10. grein.

## 10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast: forráðamenn liða

### 3. Vítaspyrnukeppni

#### Breyttur texti

##### Innáskiptingar og brottrekstrar á meðan á vítaspyrnukeppni stendur

- Heimilt er að áminna, eða vísa af leikvelli, leikmanni, varamanni, eða leikmanni sem skipt hefur verið út af eða forráðamanni liðs.

#### Skýring

Áréttað að heimilt sé að áminna forráðamenn liða, eða vísa þeim af leikvelli, á meðan á vítaspyrnukeppni stendur.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun: hendi á markvörð

### 3. Agarefsingar

#### Neitað um mark eða upplagt marktækifæri (RUPL)

##### Viðbótartexti

Þegar leikmaður hefur af liði mótherjanna mark eða upplagt marktækifæri með leikbrotinu hendi ber að vísa honum af leikvelli óháð því hvar brotið átti sér stað (nema þegar um er að ræða markvörð innan eigin vítateigs).

##### Skýring

Tilvísanir í leikbrotið hendi í “RUPL” kafla 12. greinarinnar gátu boðið upp á þann misskilning að hægt væri að vísa markverðinum af leikvelli fyrir að handleika boltann innan eigin vítateigs. Því hefur þessari “undantekningu” verið bætt inn í “*Leikbrot sem leiða til brottvísunar*” kafla 12. greinarinnar.

## 12. grein – Leikbrot og óviðeigandi hegðun: leikvöllurinn yfirgefnir til þess að brjóta á utanaðkomandi einstaklingi (einhverju óviðkomandi leiknum)

### 4. Leikur hafinn að nýju eftir leikbrot og óviðeigandi hegðun

#### Breyttur texti

(...)

Ef dómari stöðvar leik vegna brots sem leikmaður fremur, innan sem utan leikvallar, gegn utanaðkomandi einstaklingi (einhverju óviðkomandi leiknum), er leikur hafinn að nýju með því að láta boltann falla, nema óbein aukaspyrna sé dæmd fyrir að yfirgefa leikvöllinn án leyfis dómara. Óbeina aukaspyrnan skal tekin frá þeim stað á útlínum vallarins þar sem leikmaðurinn yfirgaf leikvöllinn.

##### Skýring

Skýrt er kveðið á um það í lögnum að ekki er hægt að dæma aukaspyrnu fyrir brot gegn utanaðkomandi einstaklingi (einhverju óviðkomandi leiknum). Ef leikmaður, hins vegar, yfirgefur leikvöllinn án heimildar dómars og brýtur í framhaldinu af því af sér með þeim hætti á meðan boltinn er enn í leik skal dæma óbeina aukaspyrnu á þeim stað á útlínum vallarins sem leikmaðurinn yfirgaf leikvöllinn fyrir það brot að hafa yfirgefið leikvöllinn án heimildar dómara.

## 14. grein – Vítaspyrna: staðsetning markvarðar

### 1. Framkvæmd

#### Breyttur texti

(...) Þegar boltanum er spyrnt verður markvörðurinn sem er til varnar að hafa a.m.k. hluta af öðrum fæti sínum á marklínunni, ~~eða~~ í línu við hana eða innan hennar.

#### Skýring

Samkvæmt laganna hljóðan bar markverðinum að hafa a.m.k. hluta af öðrum fæti sínum á eða ofan marklínunnar á því augnabliki sem vítaspyrna var tekin. Af því leiðir að “tæknilega” mátti markvörðurinn ekki hafa annan fótinn utan marklínunnar og hinn innan hennar, jafnvel þó hann hefði engan ósanngjarnan hag af því. Því hefur orðalaginu nú verið breytt til að heimila markverðinum að taka sér slíka stöðu.

Við útskýringu á þessari breytingu ber að leggja áherslu á að samkvæmt “anda” leiksins beri markverðinum að hafa báða fætur á/ofan marklínunnar þar til á því augnabliki sem spyrnan er tekin, þ.e. markvörðurinn má ekki standa alveg innan (eða alveg utan) marklínunnar.

IFAB®  
THE INTERNATIONAL FOOTBALL ASSOCIATION BOARD

